

# Öryggishandbók

vegna framkvæmda hjá Vegagerðinni



Útgáfa 1, september 2017  
LEI-0706 Öryggishandbók vegna framkvæmda



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Skrá yfir lög, reglugerðir og reglur sem vísað er til í þessari handbók .....	3
<b>Lýsing á öryggishandbók .....</b>	<b>3</b>
Inngangur .....	3
Skilgreiningar .....	3
Umsjónarmaður verkkaupa .....	3
Eftirlitsmaður verkkaupa .....	3
Verktaki .....	3
Verkstjóri verktaka .....	4
Samræmingaraðili .....	4
Öryggisvörður / Öryggistrúnaðarmaður .....	4
Öryggisnefnd .....	4
Viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa:.....	4
Öryggis- og heilbrigðisáætlun .....	5
Öryggisáætlun .....	5
Áhættugreining .....	5
Kröfur .....	6
Viðbragðsáætlun, öryggis- og heilbrigðisáætlun, öryggisáætlun .....	6
Yfirlit yfir kröfur til öryggis- og heilbrigðisráðstafana í útboðsverkum .....	6
Merkingar vinnusvæða .....	8
Merkingar umferðarleiða á vinnusvæði sem er lokað fyrir almennri umferð.....	8
Skyldur aðila.....	9
Einn verktaki á vinnusvæði, fyrirtæki með færri en tíu starfsmenn .....	9
Skyldur aðila.....	10
Fleiri en einn verktaki á vinnusvæði eða verktaki með tíu starfsmenn eða fleiri .....	10
Eftirlit verkkaupa .....	11
Verkfundir – gátlisti vegna öryggismála .....	11
Eftirlitsferðir um vinnusvæðið .....	12
Eftirlitsferðir – gátlisti vegna öryggisatriða.....	13
<b>Drög að öryggis- og heilbrigðisáætlun .....</b>	<b>14</b>
Efnisyfirlit .....	14
Lýsing á öryggis- og heilbrigðisáætlun .....	16
Vinnubúðir - afstöðumynd .....	17
Vinnubúðir - uppsetning .....	18



Verkátætlun .....	19
Skipurit öryggis- og heilbrigðismála .....	20
Nafnalisti og símaskrá aðila í verkinu .....	21
Skipun og samsetning öryggisnefndar.....	22
Ábyrgðarsvið öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna .....	23
Ábyrgðarsvið verkstjóra .....	24
Ábyrgðarsvið vélamanna og bílstjóra.....	25
Ábyrgðarsvið æðstu stjórnenda .....	26
Verklagsregla um tilkynningu við upphaf verks .....	27
Verklagsregla um tilkynningu slysa .....	29
Verklagsregla um viðbragðsáætlanir .....	31
Verklagsregla um hættusvæði og hættulega vinnu.....	33
Verklagsregla um framkvæmd áhættugreininga.....	34
Verklagsregla um vinnuvélar og tæki.....	35
Verklagsregla um notkun persónuhlífa .....	36
Viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa.....	37
Viðbragðsáætlun vegna bruna .....	40
Umhverfismál.....	41
Eyðublöð og gátlistar.....	42
Skráning eftirlitsferða vegna öryggisúttekta.....	42
Gátlisti eftirlitsferða .....	43
Skrá yfir heimsóknir eftirlits .....	44
Skýrsla vegna öryggisúttektar .....	45
Skráningarblað tilkynninga um umbætur .....	46
Tilkynning vinnuslysa .....	47
Skráning slysa og annarra atvika sem hefðu getað valdið slysi.....	49
Form fundargerða öryggisnefndar .....	50
Gátlisti vegna funda öryggisnefndar .....	51
Öryggisáætlun .....	53
Viðbragðsáætlun, viðbúnaður og viðbrögð við mengunaróhappi og neyðarástandi í umhverfismálum.....	54
Yfirlit yfir mengunaróhöpp, viðbúnað og viðbrögð .....	55



## Skrá yfir lög, reglugerðir og reglur sem vísað er til í þessari handbók

Númer/ár	Heiti	Ráðuneyti, útgáfudags.
547/1996	Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.	Félagsmálaráðuneytið 19. september 1996
46/1980	Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Félagsmálaráðuneytið 1. janúar 1981
920/2006	Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.	Félagsmálaráðuneytið 9. nóvember 2006
492/2009	Reglugerð um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg.	Samgönguráðuneytið 15. maí 2009
	Reglur um vinnusvæðamerkingar	12. útgáfa febrúar 2017

## LÝSING Á ÖRYGGISHANDBÓK

### Inngangur

Handbók þessi er ætluð verktökum og starfsmönnum verkkaupa sem sinna eftirliti með framkvæmdum í útboðs- og verðkönnunarverkum á vegum Vegagerðarinnar. Handbókinni er ætlað að skýra þær kröfur sem gerðar eru um skráningu og aðgerðir vegna öryggis- og heilbrigðismála og auka líkur á að þær verði uppfylltar.

Uppfylling þeirra krafna kemur þó ekki í stað innra öryggiseftirlits verktaka né heldur reglna eða leiðbeininga opinberra yfirvalda sem fara með öryggis- og heilbrigðismál. Þeir undirverktakar sem munu starfa fyrir verktaka í viðkomandi verki falla einnig undir lög og reglugerðir varðandi öryggis- og heilbrigðismál.

Unnið í gæðadeild Vegagerðarinnar 2017 af Guðmundi Ragnarssyni og Sverri Valgarðssyni.

### Skilgreiningar

**Umsjónarmaður verkkaupa** er í flestum tilfellum starfsmaður verkkaupa. Hann stjórnar framkvæmd verksins fyrir hönd verkkaupa og hefur umsjón með og ber ábyrgð á því að verktaki vinni verkið samkvæmt útboðsgögnum og tilheyrandi samþykktum.

**Eftirlitsmaður verkkaupa** er eftir atvikum starfsmaður verkkaupa eða aðili sem ráðinn er til verksins. Hann skal fylgja eftir öryggis- og heilbrigðismálum í verkinu fyrir verkkaupa. Enn fremur skal hann sjá til þess að aðalverktaki tilnefni samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála fyrir verkið, ef tveir eða fleiri verktakar eru á vinnusvæði og fylgja öryggis- og heilbrigðisáætlunum eftir fyrir hönd verkkaupa.

Eftirlitsmaður verkkaupa skal halda saman allri skráningu slysa og næstum því slysa sem hann fær frá verktaka.

**Verktaki:** Hver sá sem með verksamningi tekur að sér að vinna verk fyrir Vegagerðina.



**Verkstjóri verktaka:** Í verkum þar sem einn verktaki er við störf og starfsmenn 1 - 9 er atvinnurekanda / verkstjóra ætlað að framfylgja öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum og halda öryggishandbók yfir þætti er varða öryggismál í verkinu. Hann skal sjá um alla skráningu slysa og næstum því slysa og sjá um samskipti við Vinnueftirlitið. Eftirlitsmaður verkkaupa skal fá afrit af allri skráningu slysa- og næstum því slysa.

**Samræmingaraðili:** Í samræmi við reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. [547/1996](#) skal verktaki tilnefna samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála í verkum þar sem fleiri en einn verktaki er að störfum. Samræmingaraðili getur verið hvaða starfsmaður verktaka sem er eða aðili sem hann ræður til verksins. Skipun samræmingaraðila er háð samþykki eftirlits verkkaupa. Samræmingaraðila er ætlað að samræma öryggismál allra aðila sem koma að verkinu.

Samræmingaraðila er ætlað að framfylgja öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir verkið og halda öryggishandbók yfir alla þætti sem varða öryggismál í verkinu, jafnt hjá aðalverktaka og undirverktökum. Þar skal m.a. skrá atvik sem hefðu getað valdið slysi. Samræmingaraðili annast samskipti við Vinnueftirlitið og ber ábyrgð á því að tilkynnt sé um öll vinnuslys í verkinu. Verkkaupi getur hvenær sem er afturkallað framsal sitt á ábyrgð þessari, yfirtekið hana eða falið öðrum. Verktaka er hins vegar ekki heimilt að framselja hana nema með samþykki verkkaupa. Samræmingaraðili skal senda eftirlitsmanni verkkaupa afrit af allri skráningu slysa- og næstum því slysa.

Skipun samræmingaraðila breytir engu um skyldur eða ábyrgð verktaka í öryggismálum. Fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri þurfa eftir sem áður að skipa öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn og fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri skulu skipa öryggisnefndir í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. [46/1980](#). Verktökum er skylt að annast tilkynningar um skipan öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna ásamt tilkynningum um vinnuslys til Vinnueftirlitsins.

**Öryggisvörður / Öryggistrúnaðarmaður:** Í öllum verkum, þar sem eru tíu starfsmenn eða fleiri, skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu, öryggisvörð, og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi, öryggistrúnaðarmann til starfa á viðkomandi vinnusvæði. Þeir skulu í samvinnu fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við gildandi lög og reglur.

**Öryggisnefnd:** Í fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo öryggistrúnaðarmenn og atvinnurekandi tilnefnir tvo öryggisverði. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna og hafa eftirlit með því að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætlunum notum. Nánar er fjallað um starfshætti öryggisnefnda í reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. [920/2006](#).

**Viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa:** Verktaka er skylt er að gera sérstaka viðbragðsáætlun í öllum verkum. Hún er innifalin í öryggis- og heilbrigðisáætlun í verkum þar sem slíks er krafist. Í viðbragðsáætlun skal koma fram hvernig standa skuli að því að kalla til hjálp sem og neyðarnúmer hjá öllum lykilaðilum í verkinu varðandi öryggismál. Viðbragðsáætlun skal kynnt öllum starfsmönnum og hún sett upp á áberandi stað. Verktaki getur notað form fyrir áætlunina sem send er út með útboðsgögnum eða notað sína eigin ef hún er jafn ítarleg. Form fyrir áætlunina er einnig að finna í þessari handbók sem og á heimasíðu Vegagerðarinnar. [Ath. link](#)



Ef um lítil verk er að ræða þar sem aukin hætta er á slysum eða óhöppum getur verkkaupi aukið kröfur um öryggis- og heilbrigðismál.

**Öryggis- og heilbrigðisáætlun:** Verktaki skal leggja fram öryggis- og heilbrigðisáætlun þegar þess er krafist í útboðs- eða verðkönnunargögnum. Drög að slíkri áætlun má sjá aftar í þessari handbók. Þar skal m.a. fjallað um:

- Afstöðumynd og grunnmynd vinnubúða og verkáætlun.
- Stjórnskipan öryggismála og símanúmer.
- Lýsing ábyrgðarsviðs lykilmanna vegna öryggismála í verkinu.
- Verklagsreglur öryggismála sem segja til um lágmarkskröfur varðandi öryggismál.
- Viðbragðsáætlanir vegna slysa og óhappa og fyrir bruna ef við á.
- Umhverfismál, hvernig verktaki stefnir á að sinna umhverfismálum meðan á framkvæmd stendur.
- Eyðublöð, gátlistar og ýmis form.

Verktaki getur notað form fyrir öryggis- og heilbrigðisáætlun sem send er út með útboðs- og verðkönnunargögnum eða notað sína eigin ef hún er jafn ítarleg. Form fyrir áætlunina er einnig að finna í þessari handbók sem og á heimasíðu Vegagerðarinnar. [ath link](#)

**Öryggisáætlun:** Í öllum verkum skal gera öryggisáætlun (ekki sama og öryggis- og heilbrigðisáætlun) í samræmi við reglugerð um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg nr. [492/2009](#). Í öryggisáætlun skal eftirfarandi koma fram:

- Afmörkun vinnusvæðis.
- Hvernig merkingum á og við vinnusvæðið skuli háttað (merkingaráætlun).
- Hvort og hvernig hjáleidir eru skipulagðar.
- Hvernig kynningu og auglýsingu vegna lokunar verður háttað.
- Hver er tilnefndur eftirlitsmaður af hálfu verktaka með merkingum, hér eftir nefndur ábyrgðarmaður vinnusvæðamerkinga.

Verktaki getur notað form fyrir öryggisáætlun sem send er út með útboðs- eða verðkönnunargögnum eða notað sína eigin ef hún er jafn ítarleg. Form fyrir áætlunina er einnig að finna í þessari handbók sem og á heimasíðu Vegagerðarinnar. [ath link](#)

Hvað varðar merkingar vinnusvæða í verkum þá er það ýmist þannig að verkkaupi sér um hönnun á merkingum eða verktaka er falið að gera það. Í öllum tilvikum skulu merkingar vera samkvæmt gildandi [reglum um vinnusvæðamerkingar](#).

Ef um minni verk er að ræða þar sem aukin hætta getur verið á slysum eða óhöppum getur verkkaupi aukið kröfur um öryggis- og heilbrigðismál.

**Áhættugreining:** Við hönnun og undirbúning verka er metið hvaða kröfur skal gera til öryggismála í viðkomandi verki. Vinnulagið er oftast þannig að í minni nýframkvæmdaverkum og flestum viðhaldsverkum er ekki talin ástæða til að vinna formlega áhættugreiningu og er þá stuðst við almennt áhættumat sbr. kröfur í reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. [920/2006](#) ásamt leiðbeiningum Vinnueftirlitsins. Við stærri framkvæmdir og framkvæmdir þar sem talin er aukin hætta á slysum eða verulegu eignatjóni sbr. viðauka II í [547/1996](#) skal samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála gera kerfisbundna áhættugreiningu í upphafi verks. Áhættugreininguna skal nota til þess að skipuleggja vinnu þannig að áhættu sé mætt með mótvægisáðgerðum.



## Kröfur

### Viðbragðsáætlun, öryggis- og heilbrigðisáætlun, öryggisáætlun

Í öllum útboðs- og verðkönnunarverkum Vegagerðarinnar er metið hverju sinni hvaða kröfur skal gera til öryggis- og heilbrigðismála í viðkomandi verki.

Í verkum þar sem aðeins einn verktaki er í verki með 1 – 9 starfsmenn, skal verktaki og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði og öryggi á vinnustað í samræmi við [46/1980](#). Verktaki skal í öllum verkum skila viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa og viðbragðsáætlun vegna bruna (ef við á) fyrir undirritun sammings. Athugið að viðbragðsáætlun er hluti öryggis- og heilbrigðisáætlunar en í einföldum verkum er hún látin duga ein og sér. Þessi krafa getur átt við einföld verk í hæfisflokk A þar sem áhætta er lítil. (hæfisflokkar eru skilgreindir í [leiðbeiningum um gerð útboðslýsinga](#)) en einnig í verðkönnunarverkum sem eru verk undir útboðsviðmiðum. Þó svo að aðeins einn verktaki sé í verki með 1 – 9 starfsmenn getur verið aukin hætta á slysum og óhöppum við vissar aðstæður og einnig getur verk orðið það stórt (hæfisflokkur B eða C) að full ástæða sé til að verktaki leggi fram öryggis- og heilbrigðisáætlun og geri jafnvel kerfisbundna áhættugreiningu fyrir verkið ef ástæða þykir til.

Einnig skal gera öryggisáætlun í öllum verkum hjá Vegagerðinni (sem er annað en öryggis- og heilbrigðisáætlun) í samræmi við reglugerð nr. [492/2009](#) og skal hún lögð fram fyrir undirritun sammings. Merkingaráætlun er hluti öryggisáætlunar.

Form fyrir viðbragðsáætlun og öryggisáætlun er sent út með útboðs- og verðkönnunargögnum en er einnig að finna í þessari handbók og er aðgengilegt á heimasíðu Vegagerðarinnar. [ath. linkur](#)

Í verkum þar sem tveir eða fleiri verktakar starfa samtímis með 10 starfsmenn eða fleiri eða vinna er hættuleg samkvæmt viðauka II í reglum nr. [547/1996](#) er krafa um að aðalverktaki leggi fram öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir undirritun sammings. Þessi krafa getur átt við alla hæfisflokkar þar sem aðalverktaki skal undir öllum kringumstæðum leggja fram öryggis- og heilbrigðisáætlun og því aðeins spurning um hvort vinna teljist hættuleg eða ekki. Drög að öryggis- og heilbrigðisáætlun er meðfylgjandi í þessari öryggishandbók og er verktaka heimilt að nýta sér þau við gerð áætlunar sinnar eða nota sín eigin form séu þau a.m.k. jafn ítarleg. Form fyrir áætlunina eru send út með útboðs- og verðkönnunargögnum en eru einnig aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar. [ath.linkur](#)

### Yfirlit yfir kröfur til öryggis- og heilbrigðisráðstafana í útboðsverkum

Yfirlit yfir kröfur til öryggis- og heilbrigðisráðstafana í útboðsverkum				
Skilgreining á verkum m.t.t. krafna um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir	Öryggisáætlun (merkingaráætlun innif.)	Viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa og bruna ef við á	Öryggis- og heilbrigðisáætlun	Kerfisbundin áhættugreining verktaka



Verk með einn verktaka 1 – 9 starfsmenn. Hæfisflokkur A, lítil áhætta, verk undir viðmiðunarmörkum útboða	<b>x</b>	<b>x</b>		
Verk með einn verktaka 1 – 9 starfsmenn. Vinna hættuleg sbr. 547/1996 viðauka II. Hæfisflokkur A eða B.	<b>x</b>	<b>x</b>	<b>x</b>	<b>(x)</b>
Verk með tvo eða fleiri verktaka, tíu starfsmenn eða fleiri samtímis. Allir hæfisflokkar.	<b>x</b>	<b>x</b>	<b>x</b>	
Verk með tvo eða fleiri verktaka, tíu starfsmenn eða fleiri samtímis. Vinna hættuleg sbr. 547/1996 viðauka II. Allir hæfisflokkar.	<b>x</b>	<b>x</b>	<b>x</b>	<b>x</b>





**Merkingar vinnusvæða:** Athuga skal að merkingaráætlun er innifalin í öryggisáætlun sem hluti af því hvernig merkingum á og við framkvæmdasvæðið skal háttað.

Í reglum um vinnusvæðamerkingar númer 12, febrúar 2017, kemur fram að merkingar skuli hannaðar sérstaklega og vera hluti hönnunar-, útboðs-, og samningsgagna. Á vinnusvæðum þar sem unnið er eftir málsettum hönnunargögnum skal staðsetja öll merki og annan búnað sem ætlaður er til að vernda starfsmenn og til að stýra og leiðbeina umferð um vinnusvæðið. Við undirskrift verksamnings skal gerð svo kölluð *merkingaráætlun* sem er hluti öryggisáætlunar (sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 492/2009) þar sem bætt er við hönnunargögnin upplýsingum um verktaka, vinnustað, dagsetningu og upphafs- og lokatímasetningu framkvæmdaþátta ásamt nöfnum og símanúmerum þeirra sem bera ábyrgð. Merkingaráætlunin skal síðan staðfest af verkkaupa og kynnt viðkomandi eftirlitsaðila áður en vinna hefst. Áætlun um merkingar skal liggja fyrir hjá veghaldara og afrit á vinnustað.

Reglur um vinnusvæðamerkingar er að finna á slóðinni:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>

**Merkingar umferðarleiða á vinnusvæði sem er lokað fyrir almennri umferð:** Athugið að verktaki ber alla ábyrgð á merkingum umferðarleiða vinnutækja á vinnusvæði sem lokað er fyrir almennri umferð.



## Skyldur aðila

### Einn verktaki á vinnusvæði, fyrirtæki með færri en tíu starfsmenn

Skipaður eftirlitsmaður með verki starfar í umboði verkkaupa og kemur fram fyrir hans hönd í samræmi við reglur nr. [547/1996](#) um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við tímabundna mannvirkjagerð. Eftirlitsmaður er eftir atvikum starfsmaður verkkaupa eða aðili sem ráðinn er til verksins og skal fylgja því eftir að verktaki sinni skyldum sínum varðandi öryggismál.

#### Skyldur eftirlitsmanns:

1. Fylgja eftir öryggis- og heilbrigðismálum fyrir verkkaupa.
2. Leggja sér til og nota nauðsynlegar persónuhlífar (sjá vinnulýsingu fyrir öryggisbúnað starfsmanna með verklagsreglu Vegagerðar 17.7.03).
3. Fara yfir og bóka á verkfundum þætti er varða öryggismál, sjá meðfylgjandi gátlista.
4. Halda saman allri skráningu slysa- og næstum því slysa sem hann fær frá verktaka.

#### Skyldur verktaka:

1. Starfa samkvæmt lögum og reglum um öryggis- og heilbrigðismál.
2. Senda tilkynningu um öll slysa til Vinnueftirlitsins og eftirlits verkkaupa.
3. Gera viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa.
4. Gera viðbragðsáætlun vegna bruna, ef við á.
5. Gera öryggisáætlun.
6. Setja upp á áberandi stað og kynna viðbragðsáætlanir fyrir starfsmönnum.
7. Halda öryggishandbók þar sem m.a. kemur fram skráning á öllum slysum og næstum því slysum.



## Skyldur aðila

### Fleiri en einn verktaki á vinnusvæði eða verktaki með tíu starfsmenn eða fleiri

Skipaður eftirlitsmaður með verki starfar í umboði verkkaupa og kemur fram fyrir hans hönd í samræmi við reglur nr. [547/1996](#) um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við tímabundna mannvirkjagerð. Eftirlitsmaður er eftir atvikum starfsmaður verkkaupa eða aðili sem ráðinn er til verksins og skal fylgja því eftir að verktaki sinni skyldum sínum varðandi öryggismál.

#### Skyldur eftirlitsmanns:

1. Fylgja eftir öryggis- og heilbrigðismálum fyrir verkkaupa.
2. Leggja sér til og nota nauðsynlegar persónuhlífar (Sjá vinnulýsingu fyrir öryggisbúnað starfsmanna með verklagsreglu Vegagerðar 17.7.03).
3. Sjá til þess að aðalverktaki skipi samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála fyrir verkið, ef við á.
4. Fara yfir og bóka á verkfundum þætti er varða öryggismál, sjá meðfylgjandi gátlista.
5. Fylgja því eftir að verktaki sinni öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum, svo sem uppfærslu öryggis- og heilbrigðisáætlunar og kerfisbundinni áhættugreiningu sé hennar krafist.
6. Halda saman allri skráningu slysa og næstum því slysa sem hann fær frá verktaka.

#### Skyldur aðalverktaka:

1. Starfa samkvæmt lögum og reglum um öryggis- og heilbrigðismál.
2. Tilnefna samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála í verkinu.
3. Senda tilkynningu til Vinnueftirlitsins um upphaf verks.
4. Gera öryggis- og heilbrigðisáætlun, viðbragðsáætlanir innifaldar.
5. Gera öryggisáætlun.
6. Gera kerfisbundna áhættugreiningu, ef við á.
7. Setja upp á áberandi stað og kynna viðbragðsáætlanir fyrir starfsmönnum.
8. Kynna ábyrgðarsvið og verklagsreglur öryggis- og heilbrigðisáætlunar fyrir starfsmönnum.



	<b>Verkfundir – Gátlisti vegna öryggismála</b>	<b>Eftirlit verkkaupa Skjal EVK _1</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		

## Eftirlit verkkaupa



### Verkfundir – gátlisti vegna öryggismála

Í fundarmálista fyrir verkfundi í nýframkvæmdaverkum hjá Vegagerðinni eru öryggismál tekin fyrir undir tölulið 4 á verkfundum.

Eftirfarandi lista frá Vinnueftirlitinu getur fundarstjóri notað sem gátlista á verkfundum undir þessum lið:

- A. Skýrsla samræmingaraðila öryggismála**
  - 1. Hafa orðið slys eða óhöpp frá síðasta fundi
  - 2. Fyrri ákvarðanir, staða, efndir
  - 3. Skráning slysa og næstun því slysa
- B. Persónuhlífar**
  - 1. Notkun
  - 2. Eftirlit og ástand
- C. Aðstæður**
  - 1. Umgengni
  - 2. Fallvarnir
  - 3. Hindranir
  - 4. Lokanir
  - 5. Lýsing
  - 6. Skilti
  - 7. Annað
- D. Aðbúnaður**
  - 1. Umgengni
  - 2. Hreinlætismál
  - 3. Brunavarnir
  - 4. Eftirlit og ástand
  - 5. Annað
- E. Öryggisbúnaður**
  - 1. Sjúkrakassi
  - 2. Neyðarsturtur
  - 3. Augnskölun
  - 4. Slökkvitæki



	<b>Vinnulýsing – Eftirlitsferðir um vinnusvæðið</b>	<b>Eftirlit verkkaupa Skjal EVK_2</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		

## Eftirlit verkkaupa



### Eftirlitsferðir um vinnusvæðið

**Tilgangur:** Að fylgjast með því að farið sé eftir lögum, reglum og forskriftum og leitast við að finna hugsanlegar áhættur, mistök og ágalla.

Skapa umræður um öryggis- og heilbrigðismál. Fylgja eftir ákvörðunum / umbótum.

**Ábyrgðarmaður:** Eftirlitsmaður verkkaupa.

Eftirlitsmaður fer reglulegar ferðir um vinnusvæðið og fylgist með því hvort forskriftir öryggis- og heilbrigðisáætlunar ásamt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir séu uppfyllt. Í skoðunarferðum eru vinnusvæði, búnaður, merkingar, umhverfisþættir og verklag rýnt til að staðfesta að markmiðum um öryggis- og heilbrigðismál sé náð.

Tíðni skoðunarferða er í samræmi við eftirlitsáætlun fyrir verkið. Haldin skal skráning um skoðunarferðirnar, þ.e. um hluti sem greinast í lagi og um frávik frá viðmiðum. Ef frávik greinast er gripið til viðeigandi aðgerða sem geta eftir eðli máls verið:

- Munnlegar eða skriflegar aðvaranir
- Vinna stöðvuð
- Láta laga vanhöld á kostnað verktaka

Að öllu jöfnu eru gefin fyrirmæli um umbætur með skilgreindum ábyrgðaraðila og tímafresti. Skrá skal skriflega þegar umbótum er lokið og skulu skjölin geymd með upphaflegu frávikaskýrslunni.

Öll svæði framkvæmdasvæðis skulu skoðuð reglulega. Tíðni samkvæmt eftirlitsáætlun. Skoða ber svæði tíðar þar sem frávik greinast oft.

Samræmingaraðili og/eða starfsmenn verktaka skulu taka þátt í eftirlitsferðum þegar þess er óskað.



	<b>Gátlisti vegna eftirlitsferða um vinnusvæðið</b>	Eftirlit verkkaupa Skjal EVK_3
<b>Verkkaupi:</b>	Vegagerðin	
<b>Heiti verks:</b>		

## Eftirlit verkkaupa



### Eftirlitsferðir – gátlisti vegna öryggisatriða

Hvað skoðað	Á ekki við	Ok	Ábótav.	Skal lokið	Ábyrgur	Athugasemd
<b>A: Aðstæður</b>						
1. Umgengni						
2. Hindranir						
3. Lýsing						
4. Skilti						
5. Eru neyðarnúmer sýnileg?						
<b>B: Vélar og tæki</b>						
1. Lögbundnar skoðanir						
2. Árseftirlit						
3. Tæknilegt ástand						
4. Lyftibúnaður						
5. Annað						
<b>C: Aðbúnaður</b>						
1. Umgengni						
2. Hreinlæti						
3. Brunavarnir						
4. Reykingabann						
5. Læsingar og öryggi						
6. Tæknilegt ástand						
7. Bönn og leiðbeiningar						
8. Annað						
<b>D: Skyndihjálp</b>						
1. Sjúkrakassi						
2. Neyðarnúmer						
3. Leiðbeiningar í tækjum						
4. Annað						
<b>E: Starfsmenn</b>						
1. Hjálmur						
2. Öryggisgleraugu						
3. Heyrnarhlífar						
4. Skór með stáltá						
5. Sýnileikafatnaður						
6. Annað						



## DRÖG AÐ ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISÁÆTLUN

Endanleg kröfugerð verkkaupa varðandi öryggis- og heilbrigðismál kemur fram í grein 1.11 í útboðslýsingu fyrir viðkomandi verk. Hér á eftir er að finna drög að öryggis- og heilbrigðisáætlun sem verktaka er heimilt að nýta sér við gerð sinnar eigin áætlunar. Hann þarf þó að aðlaga öll skjöl í þessum drögum að því verki sem vinna skal og setja inn réttar upplýsingar s.s. skipulag vinnubúða, verkáætlun, skipurit, ábyrgðasvið hinna ýmsu aðila o.s.frv.

### Efnisyfirlit

Almennir kaflar		
Kafli	Skjal	Heiti
<b>0</b>		<b>Kynning og efnisyfirlit</b>
	0.0	Efnisyfirlit (ekki hér)
	0.1	Inngangur. Kynning á handbókinni
<b>1</b>		<b>Afstöðumyndir, verkáætlun</b>
	1.1	Vinnubúðir, uppsetning x
	1.2	Verkáætlun
<b>2</b>		<b>Stjórnskipan öryggismála verksins</b>
	2.1	Skipurit öryggis- og heilbrigðismála
	2.2	Símaskrá yfir aðila verksins
	2.3	Skipan og samsetning öryggisnefndar
<b>3</b>		<b>Lýsing ábyrgðasviðs vegna öryggismála</b>
	3.1	Öryggisverðir
	3.2	Öryggistrúnaðarmenn
	3.3	Verkstjórar og flokkstjórar
	3.4	Vélamenn og tækjamenn
	3.5	Æðstu stjórnendur
<b>4</b>		<b>Verklagsreglur öryggismála</b>
	4.1	Verklagsregla um tilkynningu við upphaf verks
	4.2	Verklagsregla um tilkynningu slysa
	4.3	Verklagsregla um viðbragðsáætlun
	4.4	Verklagsregla um hættusvæði og hættulega vinnu
	4.5	Verklagsregla um vinnuvélar og tæki
	4.6	Verklagsregla um notkun persónuhlífa
<b>5</b>		<b>Viðbragðsáætlanir</b>
	5.1	Viðbragðsáætlun. Fyrstu aðgerðir vegna slysa og óhappa
	5.2	Viðbragðsáætlun. Næstu aðgerðir vegna slysa og óhappa
	5.3	Viðbragðsáætlun vegna bruna
	5.4	Viðbragðsáætlun, viðbúnaður og viðbrögð við mengunaróhappi
<b>6</b>		<b>Umhverfisþáttur framkvæmda</b>
	6.1	Umhverfismál



<b>Eyðublað og gátlistar</b>		
<b>Kafli</b>	<b>Skjal</b>	<b>Heiti</b>
<b>7</b>		<b>Innra eftirlit öryggismála</b>
	8.1	Skráning eftirlitsferða vegna öryggisúttekta
	8.2	Gátlisti eftirlitsferða
	8.3	Eyðublað fyrir orðsendingar vegna öryggismála
<b>8</b>		<b>Ytra eftirlit öryggismála</b>
	9.1	Skrá yfir heimsóknir Vinnueftirlits
	9.2	Skýrsla vegna öryggisúttektar
<b>9</b>		<b>Tilkynning um umbætur</b>
	9.1	Skráningablað vegna tilkynninga
<b>10</b>		<b>Tilkynning um vinnuslys</b>
	10.1	Tilkynningareyðublað
<b>12</b>		<b>Skráning slysa</b>
	12.1	Skráning slysa og annarra atvika sem valda hér um bil slysi
<b>13</b>		<b>Fundargerðir öryggisnefndar</b>
	13.1	Form fundargerða
	13.2	Gátlisti vegna fundargerða
<b>14</b>		<b>Samskipti vegna öryggismála</b>
	14.1	Bréf til verktaka vegna öryggismála
	14.2	Bréf frá verktaka vegna öryggismála
<b>15</b>		<b>Önnur gögn</b>
	15.1	Form fyrir öryggisáætlun





	Lýsing á öryggis- og heilbrigðisáætlun	Kafli 00 Skjal 0 _1
<b>Verkkaupi:</b>	Vegagerðin	
<b>Heiti verks:</b>		

**Tilgangur:**

Öryggis- og heilbrigðisáætlun er ætlað að framfylgja sameiginlegum öryggis- og heilbrigðismálum á framkvæmdastað og auðvelda samskipti milli óskyldra aðila á vinnusvæðinu.

**Skyldur einstakra aðila:**

Skyldur einstakra starfshópa starfsmanna varðandi eigið öryggi og annarra er lýst í kafla 3.

**Verklagsreglur:**

Verklagsreglur um öryggismál er að finna í kafla 4 þar sem sérstök ákvæði sem gilda almennt á vinnusvæðinu koma til viðbótar almennum öryggisákvæðum.

**Umhverfismál:**

Aðgerðir til að tryggja lágmarksröskun á umhverfi og náttúru framkvæmdasvæðisins er lýst í kafla 6.

**Endurskoðun áætlunarinnar:**

Öryggis- og heilbrigðisáætlunin mun verða endurskoðuð eftir því sem tilefni gefur til á framkvæmdatímanum.



	<b>Vinnubúðir - afstöðumynd</b>	<b>Kafli 1 Skjal 1 _1</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		




Drög







	<b>Skipurit öryggis- og heilbrigðismála</b>	<b>Kafli 2 Skjal 2 _1</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		





	<b>Nafnalisti og símaskrá aðila í verkinu</b>	<b>Kafli 2 Skjal 2 _2</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		

<b>Aðalverktaki</b>	<b>Staða</b>	<b>Símanúmer</b>
<b>Jón Jónsson</b>	<b>Verkstjóri</b>	<b>839 9999</b>
	<b>Gæðastjóri</b>	
	<b>Samræmingaraðili</b>	
	<b>Öryggisvörður</b>	
	<b>Öryggistrúnaðarmaður</b>	

<b>Undirverktaki 1</b>	<b>Staða</b>	<b>Símanúmer</b>

<b>Undirverktaki 2</b>	<b>Staða</b>	<b>Símanúmer</b>

<b>Verkkaupi</b>	<b>Staða</b>	<b>Símanúmer</b>
	<b>Eftirlitsmaður</b>	
	<b>Umsjónarmaður</b>	
	<b>Verkefnisstjóri</b>	



	Skipun og samsetning öryggisnefndar	Kafli 2 Skjal 2 _3
<b>Verkkaupi:</b>	Vegagerðin	
<b>Heiti verks:</b>		

**Markmið:**

Tryggja virka stjórnun öryggis- og heilbrigðismála á framkvæmdastað

**Lýsing:**

Skipuð skal 4 manna öryggisnefnd frá verktaka í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. [46/1980](#) og reglugerð um skipulag vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. [920/2006](#)

**Umboð:**

Öryggisnefndin starfar í samræmi við lög og reglur um vinnuvernd í umboði verktaka.

**Ábyrgð:**

Nefndinni er ætlað að móta sameiginlegar öryggis- og heilbrigðisreglur sem gilda á framkvæmdastað. Öllum aðilum sem vinna eða eiga erindi á svæðið ber að hlíta þeim öryggisreglum sem settar hafa verið. Nefndin skal reglulega yfirfara og viðhalda reglum um öryggismál sem gilda á framkvæmdastað. Hún skal sjá til þess að gerðar séu reglulegar úttektir á öryggis- og heilbrigðisþáttum á svæðinu. Nefndin ber ábyrgð á að dreifa upplýsingum og ábendingum innan framkvæmdasvæðisins.

**Fundir:**

Nefndin skal koma saman og framkvæma innri úttekt öryggismála í fyrstu viku hvers mánaðar eða oftari ef ástæða þykir til.

**Tilkynning:**

Tilkynna skal um skipan og breytingar nefndarinnar til Vinnueftirlitsins á þar til gerðu eyðublaði.



	<b>Ábyrgðarsvið öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna</b>	<b>Kafli 3 Skjal 3 _1</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		

Öllum verktökum sem vinna á framkvæmdastað er skylt að vera með virkt kerfi öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða í samræmi við ákvæði vinnuverndalaga, nr. 46/1980. Öryggisvörðum og öryggistrúnaðarmönnum er ætlað að starfa í nánú samstarfi á framkvæmdastað og taka sæti í öryggisnefnd.

Yfirmenn: Í samræmi við skipurit viðkomandi fyrirtækis  
 Staðgengill: Í samræmi við ákvörðun viðkomandi fyrirtækis  
 Valdsvið: Samkvæmt starfslýsingu Vinnueftirlitsins um öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn  
 Ábyrgðarsvið: Er eftirfarandi

1. Að framkvæma innra eftirlit á framkvæmdarstað og aðgæta að vélar og vélabúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu.
2. Hafa eftirlit með ástandi og notkun persónuhlífa og að starfsmenn noti þann búnað eða hlífar sem eru til staðar.
3. Að ekki viðgangist ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi á vinnustað.
4. Að veita starfsmönnum upplýsingar um allt er varðar öryggi og heilbrigðismál á vinnustaðnum.
5. Að skráning vinnuslysa, óhappa og vinnusjúkdóma sé sinnt og að sendar séu tilkynningar um slys til Vinnueftirlitsins.
6. Að hafa hvetjandi og mótandi áhrif á aðra starfsmenn fyrirtækisins hvað varðar öryggismál.
7. Að þekkja öryggis- og heilbrigðisáætlun framkvæmdastaðarins jafnframt því að þekkja vinnureglur og leiðbeiningar Vinnueftirlitsins.
8. Að haldnir séu fundir innan fyrirtækisins um öryggis og heilbrigðismál. Að starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun m.t.t. aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum.
9. Að halda skrá með viðkomandi verkstjóra um reglulegar eftirlitsferðir um vinnusvæðið.





	<b>Ábyrgðarsvið verkstjóra</b>	<b>Kafli 3 Skjal 3_3</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		

Lýsing ábyrgðarsviðs verkstjóra lýsir ábyrgð og skyldu verkstjóra varðandi öryggis- og heilsuvernd á framkvæmdasvæðinu.

Yfirmenn: Samkvæmt skipuriti viðkomandi fyrirtækis.  
 Staðgengill: Samkvæmt ákvörðun viðkomandi fyrirtækis.  
 Ábyrgðarsvið: Er eftirfarandi

1. Kynna sér vel reglur og leiðbeiningar Vinnueftirlitsins um öryggismál og heilsuvernd og sjá til þess að starfsmenn fari eftir þeim.
2. Sjá til þess að starfsmenn noti persónuhlífar samkvæmt reglum Vinnueftirlitsins og noti þær á ábyrgan hátt.
3. Hafa eftirlit með notkun og ástandi persónuhlífa og halda skrá um slíkt eftirlit.
4. Tilkynna öll vinnuslys til Vinnueftirlitsins.
5. Að þekkja öryggis- og heilbrigðisáætlun framkvæmdasvæðisins.
6. Veita starfsmönnum upplýsingar um atriði er varðar öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum.
7. Miðla gögnum varðandi öryggismál á framkvæmdasvæðinu til starfsmanna.
8. Að hafa hvetjandi og mótandi áhrif á aðra starfsmenn fyrirtækisins hvað varðar öryggismál.
9. Að framkvæma innra eftirlit á framkvæmdarstað og aðgæta að vélar og vélabúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu.
10. Að halda skrá með viðkomandi öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni um reglulegar eftirlitsferðir um vinnusvæðið.
11. Taka hættuleg tæki og tól úr umferð.
12. Sjá til þess að umgengni á framkvæmdasvæðinu sé í lagi þannig að ekki skapist hætta af og óþægindi fyrir aðra.
13. Uppfæra og viðhalda öryggishandbók frá degi til dags þar sem m.a. kemur fram skráning á atvikum sem hefðu getað valdið slysi.



	<b>Ábyrgðarsvið vélamanna og bílstjóra</b>	<b>Kafli 3 Skjal 3 _4</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		

Lýsing ábyrgðasviðs vélamanna og bílstjóra lýsir ábyrgð og skyldu þeirra varðandi öryggis- og heilsuvernd á framkvæmdasvæðinu.

Yfirmenn: Verkstjórar viðkomandi fyrirtækis.

Ábyrgðarsvið: Er eftirfarandi:

1. Sjá til þess að réttindi viðkomandi til að stjórna viðkomandi tæki séu í gildi.
2. Sjá til þess að skráningar- og skoðunarskírteini séu til staðar í tækinu og eftirlitsmönnum aðgengileg.
3. Sjá til þess að viðhald og meðferð þeirra véla og tækja sem viðkomandi stjórnar sé í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
4. Sjá til þess að færa viðhaldsbók og gátlista um vélina eða tækið.
5. Sjá um að umgengni við tækið sé þannig háttáð að ekki skapist hætta á ónauðsynlegu sliti né að farartækjum og fólki geti stafað hætta af.
6. Sjá um að tækinu sé haldið í góðu standi.
7. Sjá um að reglur um notkun og stjórnun tækisins séu virtar svo ekki skapist hætta fyrir aðra.
8. Hlíta ábendingum öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna jafnframt því að vinna í samræmi við tilmæli Vinnueftirlitsins.
9. Fara í einu og öllu eftir kröfum um notkun persónuhlífa sem settar eru fyrir svæðið.
10. Sjá um að hlutir sem hugsanlega eru notaðir í tengslum við tækið séu í lagi og passi verkefninu.
11. Fara eftir ákvæðum um takmörkun á akstri og umferð sem sett hafa verið á framkvæmdasvæðinu.



	<b>Ábyrgðasvið æðstu stjórnenda</b>	<b>Kafli 3 Skjal 3_5</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		

Lýsing ábyrgðasviðs æðstu stjórnenda lýsir ábyrgð og skyldu æðstu yfirmanna fyrirtækis hvað varðar öryggis-, heilsu- og umhverfisvernd.

**Ábyrgðarsvið:** Er eftirfarandi:

Að innan fyrirtækisins sé virkt kerfi öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna í samræmi við lög og reglur.

Að tilkynnt hafi verið um öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn til Vinnuefirlitsins á sérstöku eyðublaði. Afrit skal senda til samræmingaraðila öryggismála í viðkomandi verki.

Sjá til þess að starfsmenn fylgi áætlun um öryggis- og heilbrigðismál og hlíti ákvörðunum og tilmælum samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála í verkinu.

Sjá til þess að fyrirtækið sé með slysatryggingar vegna eigin starfsmanna og ábyrgðartryggingar gagnvart þriðja aðila í gildi í viðkomandi verki.

Sjá til þess að starfsmenn hafi aðgang að öllum persónuhlífum sem þarf til að vinna verkið í samræmi við reglur og góða vinnu hefð.

Að til staðar sé annar viðeigandi öryggisbúnaður sem þarf til að vinna verkið í samræmi við reglur svo sem aðvörunarskilti, afmarkanir, verkpallar og fallvarnir.

Að einungis starfsmenn með full réttindi stjórnari tækjum og vinnuvélum.

Nota aðeins tæki og tól til verksins sem standast skoðun opinberra úttektaaðila.

Sjá til þess að starfsmenn kynni sér öryggisreglur á svæðinu.

Gefa starfsmönnum tækifæri á að vinna að öryggismálum.



	<b>Verklagsregla um tilkynningu við upphaf verks</b>	<b>Kafli 4 Skjal 4 _1</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		

**Tilgangur:** Upplýsa Vinnueftirlitið.

**Ábyrgðarmaður:** Fulltrúi verktaka.

**Lýsing:** Forsendur fyrir tilkynningu til Vinnueftirlitsins:

Í öllum útboðsverkum á vegum Vegagerðarinnar skal senda tilkynningu til Vinnueftirlitsins áður en vinna hefst á verkstað.

Efni tilkynningar til Vinnueftirlits sbr. Viðauka III, reglugerð 547/1996:

- Dagsetning
- Staðsetning framkvæmdar
- Nafn og póstfang verkkaupa
- Tegund verks
- Byggingastjóri, verkefnisstjóri, nafn og póstfang, (sjá að neðan)
- Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála, nafn og póstfang
- Áætlaður upphafsdagur verks á verkstað
- Áætlaður verktími á verkstað
- Áætlaður hámarksfjöldi starfsmanna á verkstað
- Fyrirhugaður fjöldi verktaka
- Upplýsingar um þá verktaka sem þegar hafa verið valdir

Sjá meðfylgjandi eyðublað frá Vinnueftirlitinu.

[ 3. lið 3. gr. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisrástafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð segir svo:

"3. Verkkaupi eða aðili sem hann hefur fallið umsjón byggingarframkvæmda t.d. verktaki eða verkefnisstjóri, skal senda tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins áður en vinna hefst sem er í samræmi við III. viðauka ef:

a. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn er í vinnu samtímis, eða

b. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinnan sé meira en 500 dagsverk.

Tilkynningin skal sett upp á áberandi stað á byggingarsvæðinu."

Nafn verkskaupa:	Kennitala verkskaupa:	Netfang:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Heimilisfang:	Póstnúmer og sveitarfélag:	Sími:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Byggingarstaður - Nákvæm staðsetning:	Sími:	
<input type="text"/>	<input type="text"/>	
Tegund verks:	<input type="text"/>	
Verkefnisstjóri (byggingarstjóri):	<input type="text"/>	
Heimilisfang:	Póstnúmer og sveitarfélag:	Sími:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála á undirbúningsstigi verks:	<input type="text"/>	
Heimilisfang:	Póstnúmer og sveitarfélag:	Sími:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála á framkvæmdastigi verks:	<input type="text"/>	
Heimilisfang:	Póstnúmer og sveitarfélag:	Sími:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Fyrirhugaður upphafsdagur verks á byggingarsvæði:	Fyrirhugað verklok:	
<input type="text"/>	<input type="text"/>	
Áætlaður hámarksfjöldi starfsmanna á byggingarsvæðinu:	Fyrirhugaður fjöldi verktaka á byggingarsvæðinu:	
<input type="text"/>	<input type="text"/>	
Hvaða verktakar hafa þegar verið valdir?:	<input type="text"/>	

Staður:

Dags. undirskriftar

\_\_\_\_\_  
F.h. verkskaupa



	<b>Verklagsregla um tilkynningu slysa</b>	<b>Kafli 4</b> <b>Skjal 4 _2</b>
<b>Verkkaupi:</b>	<b>Vegagerðin</b>	
<b>Heiti verks:</b>		

**Tilgangur:** Tryggja að Vinnueftirlitinu berist tilkynningar um öll vinnuslys.

**Ábyrgðarmaður:** Verkstjóri.

